



Reykjavík, 21. desember 2016

R15110199

1210

Borgarráð

***Tillögur starfshóps um hagræðingaráherslur í innri þjónustu - Kynnисbréf með tillögum***

Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshóp um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórkerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Starfshópurinn skilaði fyrstu niðurstöðum til hagræðingarhóps um miðlæga þjónustu og stýrihóps um hagræðingaraðgerðir í október sl. Á grunni þeirra eru lagðar fram tillögur í alþjóðamálum, mannauðsmálum, skjalaþjónustu, í málum er varða viðburði, móttökur, gjafir og fundaþjónustu, í upplýsingatæknimálum og í upplýsingabjónustumálum.

Samtals er áætlaður sparnaður við fyrstu tillögur um hagræðingaráherslur í innri þjónustu 85.250.000 kr. á árinu 2017.

Tillaga	Væntur sparnaður	Upphæð frá	Upphæð til	Samtals hagræðing 2017
Útboð vegna ferða á algenga ferðastaði	1 mkr. frá kostnaði 2016			1.000.000
Samstarfsvettvangur um fræðshumál	10% frá kostnaði við innkaup 2016			4.000.000
Endurgreiðslur frá Sjúkrratryggingum Íslands	Bætt innheimta krafna 1,5 m á ári frá 2016			1.500.000
Þverfaglegt ráðningateymi	33% af kostnaði við aðkeypta ráðningaþjónustu			2.000.000
Hagræðing kostnaðarliðarins, einföldum veritinga	4 m frá áætlun á ári frá 2016 sem vegur upp á móti verðlagshækumum			4.000.000
Skipta út borðsimum og auka Skype for Business	5-10 m kr. árlega	5.000.000	10.000.000	7.500.000
Útboð vegna gagnatenginga	20% eða 13 m kr. árlega			13.000.000
Bjóða út útsendingar á borgarstjórnarfundur	2,5 m kr. árlega áætlað			2.500.000
Mentor nemendaskráningakerfi	10-20% eða 2,5-5 m kr á ári frá árinu 2018	2.500.000	5.000.000	1.750.000
Hagræðing í prentun	5-10% eða 12,5-25 m kr á ári	12.500.000	25.000.000	18.000.000
Tilfærsla vefteymis í Rafræna þjónustumiðstöð	1 stóðugildi eða um 8 m kr á ári			8.000.000
Markaðs-, uglýsinga- og kynningarcostnaður	20% af kostnaði ársins 2016			26.000.000
<b>Samtals</b>				<b>89.250.000</b>

Aðrar tillögur sem starfshópur um innri þjónustu setur fram fela ekki sér beina hagræðingu en eru settar fram með það að markmiði að auka skilvirkni og bæta þjónustu Reykjavíkurborgar. Þær eru:

- Tillaga um miðlægt utanumhald ferðalaga
- Tillaga um samráðsvettvang alþjóðamála
- Tillaga um starfatorg
- Tillaga um skjalamál- stofnun tveggja starfshópa
- Tillaga um kaffiþjónustu í Ráðhúsi
- Breyttar reglur um útleigu á Tjarnarsal
- Tillaga um vettvangsþjónustu á sviði upplýsingatækni
- Tillaga um rekstur upplýsingatæknikerfis fjármáлaskrifstofu

Dagur B. Eggertsson



Borgarráð

***Hagræðingaraðgerðir – Alþjóðamál til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara***

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtaldar tillögu á sviði alþjóðamála og vísi til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:

**Tillaga um samráðsvettvang alþjóðamála**

Lagt er til að settur verði upp samráðvettvangur alþjóðafulltrúa Ráðhúss og fagsviða um alþjóðamál. Markmið samráðsvettvangsins er að stuðla að samræmdri og markvissri vinnu á sviði alþjóðamála, að auka frumkvæði og efla miðlun upplýsinga um málaflokkinn. Með auknu samstarfi er jafnframt stutt við þátttöku Reykjavíkurborgar í erlendum samstarfsverkefnum og styrkjasókn. Meðal verkefna samráðsvettvangsins er að kortleggja verkefni á sviði alþjóðamála á vegum Reykjavíkurborgar og undirbúa endurskoðun á stefnumótun í málaflokknum.

**Óbeinn áviningur:** Bætt samstarf og markvissari vinnubrögð í alþjóðamálum, Aukin sérþekking og stuðningur við vinnu fagsviða í alþjóðamálum.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Mat stjórnenda, gæði og sýnileiki samstarfsverkefna og upphæðir styrkja.

**Áhættumat:** Lítill áhætta en óvist um hagræðingu.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu hagræðingatillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni

**Greinargerð:**

Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshóp um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir.

Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Á meðal annarra skipaði starfshópur um hagræðingaráherslur í innri þjónustu verkefnishóp alþjóðamál og eru ofangreindar tillögur byggðar á vinnu verkefnishópsins.



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Dagur B. Eggertsson".

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi samráðsvettvangs um alþjóðamál



## ERINDISBRÉF

### Samráðsvettvangur um alþjóðamál Reykjavíkurborgar

#### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóriinn í Reykjavík.

#### Hlutverk:

Hlutverk samráðsvettvangs um alþjóðamál Reykjavíkurborgar er:

- Að skapa yfirsýn, styrkja forystu og auka frumkvæði á sviði alþjóðamála.
- Að stuðla að samhæfðri og markvissri vinnu í málaflokknum þvert á borgarkerfið.
- Að efla miðlun upplýsinga og stuðla þannig að nýtingu og yfirsærslu þekkingar milli fagsviða og skrifstofa, auka sýnileika, og efla vitund fólks um hlutverk og mikilvægi málaflokkssins.
- Að styðja við styrkjasókn og þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

#### Helstu verkefni:

- Kortlagning alþjóðasamskipta og verkefna á sviði alþjóðamála.
- Undirbúningur endurskoðunar á stefnu í málaflokknum.
- Kortlagning möguleika á styrkjum og gerð áætlunar um aukna styrkjasókn.
- Kostnaðarmat tillagna og ábyrgðarskipting þeirra.
- Önnur verkefni skv. ákvörðun borgarráðs eða borgarstjóra.

#### Starfshópinn skipa:

- Alþjóðafulltrúi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, formaður.
- Fulltrúar allra fagsviða.
- Fulltrúar skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu.

#### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

#### Starfstímabil:

Samráðsvettvangurinn starfi til loka kjörtímabils borgarstjórnar en skili áfangaskýrslu um helstu verkefni fyrir lok maí 2017.

Reykjavík, [Dags.]



Dagur B. Eggertsson





Reykjavík, 15. desember 2016  
R15110199  
1210

Borgarráð

### *Hagræðingaraðgerðir – Alþjóðamál til meðferðar fjármálaskrifstofu*

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtaldar tillögur á sviði alþjóðamála og vísi til meðferðar fjármálaskrifstofu:

#### **Tillaga um miðlægt utanumhald ferðalaga**

Lagt er til að pöntun á flugi, gistingu og gerð ferðaheimilda verði staðsett miðlægt. Með breyttu fyrirkomulagi næst fram samræming á innkaupum vegna ferðalaga, aukin yfirsýn og þ.a.l. hagstæðari verð.

Markmið að með breytingunni náist fram hagræðing í innkaupum sem nýtt verði til að standa straum af kostnaði vegna þess stöðugildis sem ætlað er að sinna umsjón verkefnisins. Skoðuð verði fordæmi, t.a.m. frá ríki varðandi breytta tilhögun.

Þá gefi fjármálaskrifstofa út eyðublað til útfyllingar að ferð lokinni þar sem tilgangur og forsendur ferðarinnar koma fram og gert er grein fyrir ávinningi fyrir Reykjavíkurborg. Þetta er í samræmi við gr. 2.10 í reglum um ferðaheimildir. Fjármálaskrifstofa fylgi því eftir að eyðublaðinu sé skilað fyrir allar ferðir.

**Óbeinn áviningur:** Með því að bjóða upp á þjónustu við ferðabókanir er dregið úr álagi á starfsfólki sem sinnir verkefninu meðfram öðrum störfum. Líklegt er að með því að ráða inn aðila til að sinna einungis þessu þá muni nást fram hagstæðari verð og meðalkostnaður per ferð dragist saman. Algengt er að stjórnendur bóki ferðir og útbúi ferðaheimildir, áviningurinn felst í því að ódýrari starfskraftur muni sjá um þessi verkefni. Þá má ætla að virkt eftirlit með ferðalögum á vegum fagsviða veiti aðhald og gefi fagsviðum og skrifstofum tækifæri til að öðlast betri yfirsýn yfir ferðir og gagnsemi þeirra.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Árlegur kostnaður og meðalkostnaður ferða.

**Áhættumat:** Meðal áhætta. Mikilvægt er að tryggja að innleiðing skili sér til allra starfsstaða svo ekki myndist tvöfalt kerfi. Líkur á að starfsmaður í fullu starfi við að bóka ferðir finni hagstæðari verð.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu hagræðingatillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

## Tillaga um að fara í útboð á flugferðum á algenga áfangastaði

Lagt er til að fjármálaskrifstofu verði falið að greina kostnað við flugferðir, hvert er flogið, þar með talið millilendingar, og standa að útboði í það minnsta á ferðum til algengustu áfangastaðanna. Þá leggi innkaupadeild til leiðir til að ná fram hagstæðari verðum vegna gistinga á ferðalögum á þeim áfangastöðum sem oftast er ferðast til.

**Óbeinn ávinningur:** Tækifæri til að bæta skráningu.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Árlegur kostnaður og meðalkostnaður ferða

**Áhættumat:** Lítill áhætta en óvist um hagræðingu. Hagræðing í ferðakostnaði þegar áætluð í tillögu 1.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu hagræðingatillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

### **Greinargerð:**

Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshóp um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Á meðal annarra skipaði starfshópur um hagræðingaráherslur í innri þjónustu verkefnishóp alþjóðamál og eru ofangreindar tillögur byggðar á vinnu verkefnishópsins.



Dagur B. Eggertsson



Reykjavík, 15. desember 2016  
R15110199  
1210

Borgarráð

### ***Hagræðingaraðgerðir – Mannauðsmál til meðferðar mannauðsdeilda***

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtaldar tillögur á sviði mannauðsmála vísi þeim til meðferðar mannauðsdeilda:

#### **Tillaga um aukið samstarf sviða í fræðslumálum og innkaupum vegna þeirra**

Lagt er til að stofnaður verði stjórnenda- og stjórnsýsluskóli Reykjavíkurborgar og samstarf fagsviða í fræðslumálum aukið. Stofnun stjórnenda- og stjórnsýsluskóla verði liður í auknu samistarfi sviðanna í fræðslumálum og innkaupum. Undir stjórnenda- og stjórnsýsluskólann falli m.a. eftirtalin námskeið: vinnuréttur og kjarasamningar, stjórnsýsluréttur, starfsþróunarsamtöl, upplýsingaréttur, samningataekni, erfíð starfsmannamál, lausn ágreiningsmála/sáttamiðlun, starfsmannaval og ráðningaráferli, sanngirni í stjórnun, viðverustjórnun o.fl. (listinn er ekki tæmandi) (fjármagn til fræðslu er um 40 mkr. á ári). Jafnframt verði boðið upp á önnur námskeið sem opin verði þvert á svið í þeim málaflokkum sem eru almennir og höfða til fleiri en eins sviðs. Til dæmis tölvunámskeið, námskeið í viðskiptalausnum borgarinnar (Gopro, Sap, Agresso ofl.) samskiptanámskeið, sjálfssræktarnámskeið, starfslokanámskeið, heilsueflingarnámskeið og skyndihjálparnámskeið. Leitað verði leiða til að ná fram hagstæðari innkaupum í fræðslumálum.

Aðstaða til námskeiðahalds – samvinna. Lagt er til að fagsviðin hafi meira/aukið aðgengi að mismunandi kennslustöðum annarra sviða gegn engu eða vægu gjaldi. Taka þarf saman yfirlit yfir þá fundarstaði og sali sem hægt er að nota til fræðslu. Lagt er til að settar verði ákveðnar reglur um leigu eða lán til annarra sviða vegna fræðslu.

Mannaðsdeild í samstarfi við samstarfsvettvang mannaðsdeilda borgarinnar um fræðslumál verði falin framkvæmd tillagnanna.

**Óbeinn ávinnungur:** Öflug stjórnendafræðsla mun efla stjórnendur í sínum hlutverkum og markvisst verður unnið að því með samræmdum hætti í stjórnenda- og stjórnsýsluskóla Reykjavíkurborgar. Aukið samstarf í fræðslumálum mun hafa þau áhrif að fræðsla verður samræmdari. Þá munu starfsmenn og stjórnendur Reykjavíkurborgar kynnast þvert á svið.

**Markmið um hagræðingu á árinu 2017:** 10% frá kostnaði 2016 eða um 4 mkr.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Kostnaður, heildarkostnaður og per námskeið.

**Áhættumat:** Meðal áhætta. Einstök fagsvið/stofnanir taki ekki þátt í innleiðingu - innleiðing þarf að vera markviss.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu hagræðingartillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

## Tillaga um bætt verklag vegna umsókna um endurgreiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands vegna vinnuslysa

Lagt er til að mannauðsdeild Ráðhúss uppfæri verklag vegna tilkynninga um slys til Vinnueftirlits og umsókna um endurgreiðslu sjúkrakostnaðar og dagpeninga til Sjúkratrygginga Íslands Skoði hvort hægt sé að setja ferillinn fram með myndrænum hætti og gálista.

Í þeim tilfellum sem Sjúkratryggingar Íslands hafa annað hvort samþykkt bótaskyldu eða ekki tekið afstöðu til hennar vegna skorts á gögnum, verði, með bættu verklagi, tryggð eftirfylgni með því að tilsettum vottorðum sé skilað og endurgreiðsla dagpeninga sótt.

Jafnframt er mikilvægt að bæta verklag í bókhaldinu þannig að allar innborganir séu bókaðar á réttan kostnaðarstað og að viðkomandi starfsstaður fái greitt inn á sinn kostnaðarstað. Að öðrum kosti er hætta á að stjórnendur sjái sér ekki beinan hag í því að fylgja þessum málum eftir. Þá er mikilvægt að mannauðsþjónustur sviða fái aðgang að vefgátt Sjúkratrygginga þannig að sviðin geti fylgt því eftir að greiðslur berist í einstökum málum.

**Markmið um hagræðingu á árinu 2017:** Bætt innheimta krafna um 1.5mkr. á ári frá 2016.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Innheimtar upphæðir frá Sjúkratryggingum.

**Áhættumat:** Meðal áhætta.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu hagræðingartillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

## Tillaga um að komið verði á starfatorgi Reykjavíkurborgar

Lagt er til að mannauðsdeild Ráðhúss útfæri starfatorg í samstarfi við mannauðsþjónustur fagsviða. Skilgreint verði hvenær auglýsa skuli störf á starfatorgi Reykjavíkurborgar og hvenær heimilt sé að kaupa birtingu auglýsinga í fjölmöldum. Mannauðsdeild geri tillögu um innkaupaferil vegna birtinga auglýsinga. Markmiðið er að lækka birtingarkostnað en heildarkostnaður við uppsetningu og birtingu atvinnuauglýsinga allra fagsviða voru rúmar 36 mkr. á árunum 2013-2015.

Í tillögu verkefnahóps um upplýsingaþjónustu um markaðs-, kynninga og auglýsingamál er sett fram áætlun um hagræðingu sem nemur 20% af árlegum auglýsinga og kynningakostnaði og nær sú tillaga til kostnaðar vegna birtingar atvinnuauglýsinga.

**Óbeinn áviningur:** Markvissari auglýsingar og samræmi í innihaldi og framsetningu auglýsinga þegar við á. Möguleg aukin og samræmd notkun á samfélagsmiðlum og efling ímyndar borgarinnar

**Markmið um hagræðingu á árinu 2017:** 10% frá kostnaði 2016. Eða um 1,2 mkr. (sama hagræðing og í tillögu um auglýsingakostnað í upplýsingaþjónustumálum).

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Kostnaður vegna auglýsingargerðar og birtingar.

**Áhættumat:** Lítill áhætta en innleiðing þarf að vera markviss svo starfatorg komi til framkvæmda

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu hagræðingartillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

**Markmið um hagræðingu á árinu 2017:** 33% frá kostnaði 2016. Eða rúmar 2 mkr.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Kostnaður.

**Áhættumat:** Lítill áhætta en innleiðing þarf að vera markviss til að koma í veg fyrir tvíverknað

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu hagræðingartillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.


**Greinargerð:**

Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshópum um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórnerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Á meðal annarra skipaði starfshópur um hagræðingaráherslur í innri þjónustu verkefnishópa um mannaúðsmál og eru ofangreindar tillögur byggðar á vinnu verkefnishópsins.



Dagur B. Eggertsson

**Hjálagt:**

Drög að erindisbréfi starfshóps um eflingu stjórnsýslu og stjórnendafræðslu á vegum Reykjavíkurborgar.



## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um eflingu stjórnsýslu- og stjórnendafræðslu á vegum Reykjavíkurborgar

#### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

#### Hlutverk starfshóps:

Starfshópurinn vinni að því að koma á fót stjórnenda- og stjórnsýsluskóla á vegum Reykjavíkurborgar með það að markmiði auka hæfni starfsmanna og stjórnenda hjá Reykjavíkurborg til að takast á við þær áskoranir sem felast í því að starfa á vegum borgarinnar.

Með eflingu stjórnsýslu- og stjórnendafræðslu verði starfsmönnum og stjórnendum í ríkari mæli gert kleift að mæta kröfum starfsins og sinna þeirri fjölpættu ábyrgð og skyldum sem á þeim hvíla. Sérstök áhersla verði lögð á að efla stjórnsýsluþekkingu og þekkingu á samþykktri stefnumörkun og verklagsreglum borgarinnar og stuðla þannig að stefnumiðuðum, faglegum og samhæfðum vinnubrögðum. Framboð af námskeiðum verði aukið og leitað til starfsmanna Reykjavíkurborgar sem og utanaðkomandi sérfræðinga hvað það varðar.

Stofnun stjórnenda- og stjórnsýsluskóla verði einnig liður í auknu samstarfi sviðanna í fræðslumálum. Í því felst m.a. aukið samstarf og samræmi í námskeiðahaldi á vegum Reykjavíkurborgar í þeim málaflokkum sem ganga þvert á fagsvið.

#### Helstu verkefni:

- Greina þörf fyrir stjórnsýslufræðslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og setja fram tillögur að umgjörð hennar.
- Greina þörf fyrir stjórnendafræðslu og setja fram tillögur að umgjörð hennar.
- Skilgreining á því hvaða málaflokkar og námskeið verði á sviði stjórnenda- og stjórnsýsluskóla.
- Greina og setja fram tillögur að fræðslu með áherslu á að mæta þörfum ólíkra hópa og starfsstaða, t.d.:
  - Fræðsla sem ætluð er öllum stjórnendum borgarinnar.
  - Fræðsla sem sniðin er að tilteknun stjórnendahópum og/eða tilteknun sviðum.
  - Fræðsla sem er sniðin að sérfræðingum í tilteknun starfshópum eða á fagsviðum.
- Greina ástæður lakrað þátttöku í stjórnendafræðslu í gegnum tíðina og gera tillögur um úrbætur í þeim tilgangi að auka þátttökuna.
- Skilgreina gæði fræðslu hvort sem hún er framkvæmd af Reykjavíkurborg eða af aðkeyptum aðilum, s.s. með því að setja fram gæðastaðla og viðmið um ágæti menntunar, skilgreina matskerfi og mælikvarða og stuðla að faglegi eftirfylgd.
- Leggja fram kostnaðarmat á tillögum starfshópsins.

#### Starfshópinn skipa:

Ragnhildur Ísaksdóttir, mannauðsdeild Ráðhúss – formaður.

Atli Atlason deildarstjóri kjaradeilda.

Fulltrúi, velferðarsviði.

Fulltrúi, menningar- og ferðamálasviði.

Fulltrúi, skóla- og frístundasviði.

Fulltrúi, umhverfis- og skipulagsviði.

Fulltrúi, íþrótt- og tómstundasviði.

#### Starfsmaður:

Starfsmaður frá mannauðsdeild Ráðhúss.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

**Starfstímabil:**

Hópurinn skili tillögum og lokaskýrslu ásamt aðgerðaáætlun og kostnaðarmati fyrir 30. apríl 2017.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson



Reykjavík, 19. desember 2016

R15110199

1210

Borgarráð

### *Hagræðingaraðgerðir – Skjalamál til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara*

Á fundi borgarráðs þann 10. september 2015 var samþykkt skjalastefna fyrir Reykjavíkurborg. Í henni er m.a. kveðið á um að Reykjavíkurborg stefni að rafrænni langtímaðveislu skjala. Lagt er til að borgarstjóri skipi two starfshópa til undirbúnings og innleiðingu á rafrænni skjalastjórn og langtímaðveislu skjala hjá Reykjavíkurborg, sbr. hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um rafræna langtímaðveislu skjala hjá Reykjavíkurborg og drög að erindisbréfi starfshóps um skjalastjórn og undirbúning rafrænnar skjalastjórnunar hjá Reykjavíkurborg.

#### **Greinargerð:**

Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshópum um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórkerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Á meðal annarra skipaði starfshópur um hagræðingaráherslur í innri þjónustu verkefnishóp um skjalamál, skrifstofufulltrúa og þjónustu við fagráð og eru ofangreindar tillögur byggðar á vinnu verkefnishópsins.



Dagur B. Eggertsson

#### **Hjálagt:**

Minnisblað um rafræna skjalavörsu hjá Reykjavíkurborg dags. 22. nóvember 2016.

Drög að erindisbréfi starfshóps um rafræna langtímaðveislu skjala hjá Reykjavíkurborg.

Drög að erindisbréfi starfshóps um skjalastjórn og undirbúning rafrænnar skjalastjórnunar hjá Reykjavíkurborg.





## Til borgarráðs

### Rafræn skjalavarsla hjá Reykjavíkurborg

Á fundi borgarráðs þann 10. september 2015 var samþykkt skjalastefna fyrir Reykjavíkurborg. Í henni er meðal annars kveðið á um að Reykjavíkurborg stefni að rafrænni varðveislu skjala og borgarráð telur mikilvægt að það markmið sé í forgangi.

Borgarráð bókaði sama dag „Skjalastefna Reykjavíkurborgar og framfylgd hennar er nauðsynleg forsenda þess að önnur stefnumótun borgarinnar nái fram að ganga. Þannig styður skjalastefna sér í lagi við upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar sem hefur það meðal markmiða að ferlar við ákvarðanatöku séu gagnsær og rekjanlegir og að upplýsingar séu aðgengilegar á stafrænu formi. Í skjalastefnu er meðal annars kveðið á um að Reykjavíkurborg stefni að rafrænni varðveisla skjala og borgarráð telur mikilvægt að það markmið sé í forgangi. Rafræn varðveisla styður við skilvirka miðlun og meðhöndlun upplýsinga og er að auki umhverfisvæn”.

Því er ljóst að vilji er til að Reykjavíkurborg taki upp rafræna skjalastjórn og langtíma varðveislu rafrænna gagna. Borgarskjallasafn mun taka á móti umsóknum og tilkynningum um ný gagna- og skjalakerfi, taka á móti og prófa varðveisluútgáfur frá afhendingarskyldum aðilum og varðveita og í framtíðinni veita aðgang að þeim. Þá er nauðsynlegt að ný kerfi séu ekki tekin í notkun nema þau uppfylli reglur Þjóðskjalasafns.

Unnið er að endurskoðun á upplýsingakerfum er notuð eru við skjalavistun hjá borginni. Með nýju kerfi er stefnt að því að innleiða jafnframt rafræna skjalastjórn. Nýtt kerfi mun uppfylla þær reglur sem Þjóðskjalasafn Íslands setur fyrir rafræn skjalavörslukerfi. Óskað verður eftir samþykki Borgarskjallasafns fyrir rafrænni varðveislu á kerfinu.

Að hefja langtíma vörslu skjala hjá Reykjavíkurborg er umfangsmikið verkefni, sem yfirstjórn borgarinnar þarf að taka ákvörðun um og styðja af heilum hug, bæði með kynningu á verkefninu og með þeim fjárveitingum sem til þess þarf. Verkefnið er jafnframt hluti af því að bæta skjalavörslu allra stofnana borgarinnar, þannig að hún uppfylli lög og reglur og sé til fyrirmynadar.

Sú aðferðafræði sem hefur verið ákveðin við langtíma vörslu rafrænna gagna á Íslandi er tekin beint frá Dönum og hún byggist á því að varðveita rafræn skjöl/gögn kerfisóháð. Meginkostnaður við rafræna varðveislu er að breyta kerfum og að útbúa sérstakar vörsluútgáfur og sá kostnaður fellur á viðkomandi afhendingaraðila. Yfirfara þarf kerfi sem eru í notkun hjá borginni og kanna hvort hægt sé að varðveita rafrænt úr þeim. Ef svo er ekki, þarf að greina kostnað við að breyta þeim eða taka ákvörðun um að gögn úr þeim verði varðveitt útprentuð.

Rafræna varðveislan þarf að vera aðskilin frá tölvudeildum skv. sérstökum reglum sem þjóðskjalavörður hefur sett um skilyrði sem héraðsskjalasöfn þurfa að uppfylla til að sjá um varðveislu á rafrænum skjölum sveitarfélaga. Lagt er til að árið 2017 hefjist eiginlegur undirbúningur, ráðinn verði sérhæfður starfsmaður til Borgarskjalasafns. Árið 2018 verði komið upp aðstöðu og búnaði til að taka við varðveisluútgáfum. Önnur sveitarfélög á Íslandi horfa til Reykjavíkurborgar um stefnumótun í rafrænni langtímaparðveislu.


Erfitt hefur reynst að fá upplýsingar um fjárhagslegan ávinning af rafrænni varðveislu gagna og því er hér ekki borinn saman kostnaður við núverandi geymsluaðferð og rafræna varðveislu en ljóst er að megin kostnaður við rafræna varðveislu er við að undirbúa og útbúa vörsluútgáfur úr kerfunum. Skv. upplýsingum frá Borgarskjalasafni Kaupmannahafnar er kostnaður afhendingaraðila mestur í upphafi en lækkar síðan ár frá ári. Kostnaður Borgarskjalasafns er einkum vegna aðstöðu og búnaðar í byrjun og síðan launakostnaður.

Lagt er til að borgarstjóri skipi two starfshópa til undirbúnings innleiðingu á rafrænni skjalastjórn og langtímaparðveislu skjala hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavík, 22. nóvember 2016



Svanhildur Bogadóttir,  
borgarskjalavörður



Halla María Árnadóttir  
deildarstjóri



Reykjavíkurborg

## ERINDISBRÉF

Starfshópur um rafræna langtímaþveislu skjala hjá Reykjavíkurborg

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóriinn í Reykjavík.

Hlutverk starfshóps:

Undirbúa og innleiða rafræna langtímaþveislu skjala Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni:

- Gera skrá yfir öll virk og óvirk kerfi, eftir sviðum og skrifstofum.
- Vinna tillögu um undirbúning á móttöku rafrænna skjala hjá Borgarskjalasafni, þ.m.t. nauðsynlegar breytingar á húsnæði Borgarskjalasafns.
- Leggja mat á breytingu á framtíðahúsnaðispörf við geymslu skjala.
- Val á vél- og hugbúnaði fyrir móttöku rafrænna skjala til langtímaþveislu.
- Afla heimildar Þjóðskjalasafns Íslands fyrir langtímaþveislu rafrænna skjala á Borgarskjalasafni.
- Kynning og fræðsla um rafræna langtímaþveislu skjala og kröfur til nýrra kerfa, fyrir svið og skrifstofur.
- Innleiða verklag við kröfur til nýrra upplýsingakerfa um að þau uppfylli reglur um rafræna varðveislu.
- Vinna starfslýsingu sérhæfðs starfsmanns við rafræna vörslu.

Starfshópinn skipa:

Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður, formaður.

Halla María Árnadóttir, deildarstjóri skjaladeild skrifstofu þjónustu og reksturs.

Arnar Þór Sigurðarson, teymisstjóri upplýsingatæknideildar.

Sérfræðingur frá Borgarskjalasafni

Sérfræðingur frá einu fagsviði.

Starfsmenn

Hugrún Ösp Reynisdóttir, verkefnastjóri upplýsingatæknideildar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á einstaka viðfangsefni.

Starfstímabil:

Áfangaskýrsla, skil 15. september 2017.

Hópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir 1. maí 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson





Reykjavíkurborg

## ERINDISBRÉF

Starfshópur um skjalastjórн og undirbúning rafrænnar skjalastjórnunar  
hjá Reykjavíkurborg

**Ábyrgðarmaður:**  
Borgarstjórinн í Reykjavík.

**Hlutverk starfshóps:**  
Tryggja að skjalastjórн sé í samræmi við skjalastefnu Reykjavíkurborgar og undirbúa innleiðingu á rafrænni skjalastjórн.

**Helstu verkefni:**

- Tryggja innleiðingu á skjalastefnu Reykjavíkurborgar.
- Endurskoða og samræma verklag við skjalastjórн m.t.t. rafrænnar skjalastjórnunar.
- Samræma verklag við innleiðingu á nýju skjalakerfi.
- Vinna samræmdar reglur um varðveislu skjala í einstökum málaflokkum.
- Tryggja fræðslu um ábyrgð og meðferð skjala hjá stjórnendum og starfsmönnum.

**Starfshópinn skipa:**  
Halla María Árnadóttir , deildarstjóri skjaladeildar skrifstofu þjónustu og reksturs, formaður.  
Svanhildur Bogadóttir, borgarskjulavörður.  
Sérfræðingur frá skóla- og frístundasviði.  
Sérfræðingur frá menningar- og ferðamálasviði.  
Sérfræðingur frá umhverfis- og skipulagssviði.

**Starfsmenn:**  
Heiður María Loftsdóttir, sérfræðingur í skjaladeild skrifstofu þjónustu og reksturs.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**  
Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á einstaka viðfangsefni.

**Starfstímabil:**  
Áfangaskil, 30. júní 2017  
Hópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir 31. desember 2017.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggerthsson



Reykjavík, 15. desember 2016  
R15110199  
1210

Borgarráð

## *Hagræðingaraðgerðir – Upplýsingatæknimál til meðferðar upplýsingatæknideildar*

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtaldar tillögur á sviði upplýsingatæknimála og vísi til meðferðar upplýsingatæknideildar:

### **Tillaga um lækkun á kostnaði vegna símkerfa**

Lagt er til að vísað verði til meðferðar upplýsingatæknideildar að ná fram lækkun á árlegum kostnaði vegna símkerfa með aukinni notkun Skype for Business. Með því verði borðsínum skipt út og leyfagjöld lágmörkuð. Markmið um hagræðingu er 5-10 mkr. frá og með árinu 2017. Starfshópur um hagræðingaráherslur í ytri þjónustu komst einnig að þeirri niðurstöðu að hægt væri að lækka kostnað vegna símkerfa með aukinni notkun Skype for Business.

**Óbeinn áviningur:** Auknir möguleikar á fjarfundum sem minnkar ferðatíma og kostnað auk þess sem starfsfólk verðurfærarlegra.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Lækkun á kostnaði, fækkun borðsíma, lægri leyfagjöld.

**Áhættumat:** Lítill áhætta er við tillöguna. Helst er að nefna breytingu á vinnulagi og vinnuumhverfi starfsmanna.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

### **Tillaga um útboð gagnatenginga**

Lagt er til að vísað verði til meðferðar upplýsingatæknideildar í samstarfi við innkaupadeild að bjóða út gagnatengingar. Árlegar greiðslur vegna gagnatenginga eru 65 mkr. en þær hafa ekki verið boðnar út lengi og tækifæri til að lækka kostnað með rammasamningi. Áætluð hagræðing um 20% eða um 13 mkr á ári frá og með árinu 2017.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Niðurstaða útboðs/rammasamnings.

**Áhættumat:** Lítill áhætta.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

### Tillaga um útsendingar frá borgarstjórnarfundum

Lagt er til að vísað verði til meðferðar upplýsingatæknideildar í samráði við skrifstofu borgarstjórnar og innkaupadeild að bjóða út útsendingar frá borgarstjórnarfundum. Áætlaður árlegur sparnaður 2,5 mkr frá og með árinu 2017.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Samanburður á kostnaði fyrir og eftir útboð.

**Áhættumat:** Lítil áhætta.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

### Tillaga um mentor nemendaskráningarkerfi

Lagt er til að vísað verði til meðferðar upplýsingatæknideildar í samstarfi við innkaupadeild og skóla- og frístundasvið að skoða lækkun kostnaðar vegna nemendaskráningarkerfis. Kostnaður vegna Mentors er um 25 milljónir króna á ári. Gera má ráð fyrir að hægt væri að ná fram 10-20% hagræðingu með því að fara í útboð. Markmið hagræðingar eru 2,5-5 mkr. á ári frá og með árinu 2018.

**Óbeinn ávinnungur:** Aukin þjónusta og bættur aðgangur að gögnum. Hugsanlega nást betri samningar við Mentor.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Kostnaður og niðurstaða útboðs.

**Áhættumat:** Meðal áhætta. Útboðsferli og innleiðing verði tímafrek eða dýrari en að var stefnt. Viðbúið að hagræðing skili sér ekki fyrr en eftir 6-8 mánuði. Óvist með yfirlægð um hagræðingu á milli kerfa.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

### Tillaga um hagræðingu í prentun

Lagt er til að vísað verði til meðferðar upplýsingatæknideildar að lækka kostnað við prentun með aðgangsstýringu prentara og sameiginlegum innkaupum á rekstrarvörum. Reynsla annarra sýnir að vænta má 5-10% sparnaðar með innleiðingu aðgangsstýringar. Markmið um hagræðingu er 12,5-25 mkr á ári frá og með árinu 2017. Starfshópur um hagræðingaráherslur í ytri þjónustu komst einnig að þeirri niðurstöðu að hægt væri að lækka kostnað við prentun með aðgangsstýringu prentara og sameiginlegum innkaupum á rekstrarvörum.

**Óbeinn ávinnungur:** Þægindi fyrir starfsmenn að sækja prentun þegar þeim hentar. Dregur úr vinnu og kostnaði vegna forprentaðs pappírs. Styður við stefnu um Græn skref.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Prentkostnaður, pappír og aðrar rekstrarvörur.

**Áhættumat:** Lítill áhætta. Erfitt að greina og sannreyna ávinning eftir á, t.d. erfitt að ná nakvæmum tölum um rekstrarkostnað úr bókhaldi.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.


**Greinargerð:**

Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýlu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshóp um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórkerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Á meðal annarra skipaði starfshópur um hagræðingaráherslur í innri þjónustu verkefnishóp um tölву- og vefþjónustumál og eru ofangreindar tillögur byggðar á vinnu verkefnishópsins.



Dagur B. Eggertsson





Reykjavík, 15. desember 2016

R15110199

1210

Borgarráð

## *Hagræðingaraðgerðir – Upplýsingatæknimál til meðferðar upplýsingatæknideildar og fjármálaskrifstofu*

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtalda tillögu á sviði upplýsingatæknimála og vísi til meðferðar upplýsingatæknideildar og fjármálaskrifstofu:

### **Tillaga um rekstur upplýsingatæknikerfis fjármálaskrifstofu**

Lagt er til að upplýsingatæknideild og fjármálaskrifstofu verði falið að greina ávinnung vegna tilfærslu upplýsingatæknireksturs fjármálaskrifstofu til upplýsingatæknideildar og gera tillögu þess efnis. Hagræðing tillögunnar er ekki skilgreind í fjárhæðum.

**Óbeinn ávinnungur:** Skýrari ábyrgð á rekstri kerfa. Styttir boðleiðir vegna rekstrarvandamála. Betri yfirsýn yfir heildarkostnað og nýtingu tilfanga (resources). Samningar við birgja á sviði upplýsingatæknii á einni hendi.

**Áhættumat:** Meðal áhætta. Það getur tekið tíma að ná sátt um breytingar. Tryggja þarf að þekking haldist.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

### **Greinargerð:**


Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshópum um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórkerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og

forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Á meðal annarra skipaði starfshópur um hagræðingaráherslur í innri þjónustu verkefnishópum um tölvu- og vefþjónustumál og er ofangreind tillaga byggð á vinnu verkefnishópsins.



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Dagur B. Eggertsson".

Dagur B. Eggertsson



Reykjavík, 15. desember 2016  
R15110199  
1210

Borgarráð

**Hagræðingaraðgerðir – Upplýsingatæknimál til meðferðar hagræðingarhóps skóla- og frístundasviðs**

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtalda tillögu á sviði upplýsingatæknimála og vísi til meðferðar hagræðingarhóps skóla- og frístundasviðs:

**Tillaga um vettvangspjónustu skóla- og frístundasviðs**

Lagt er til að vísað verði til hagræðingarhóps skóla- og frístundasviðs í samvinnu við upplýsingatæknideild að gera tillögu um sameiningu á vettvangspjónustu skóla- og frístundasviðs á sviði upplýsingatækni við upplýsingatæknideild. Hagræðing tillögunnar er ekki skilgreind í fjárhæðum.

**Óbeinn ávinningur:** Samræmd vettvangspjónusta í skólum. Bætt yfirsýn og stýring á kostnaði vegna vettvangspjónustu. Tækifæri til að bæta kennslufræðilegan stuðning.

**Áhættumat:** Meðal áhætta. Það getur tekið tíma að ná sátt um breytingar. Tryggja þarf að þekking og kennslufræðilegur stuðningur haldist.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

**Greinargerð:**

Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshóp um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórnerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og

forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Á meðal annarra skipaði starfshópur um hagræðingaráherslur í innri þjónustu verkefnishóp um tölvu- og vefþjónustumál og er ofangreind tillaga byggð á vinnu verkefnishópsins.



Dagur B. Eggertsson



Reykjavík, 15. desember 2016  
R15110199  
1210

Borgarráð

### ***Hagræðingaraðgerðir – Upplýsingabjónustumál til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara***

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtaldar tillögur á sviði upplýsingabjónustumála og vísi til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:

#### **Tillaga um vefþjónustu**

Lagt er til að utanumhald vefþjónustu borgarinnar verði endurskoðuð í heild. Tæknilegur rekstur, þróun og utanumhald verði á höndum upplýsingatæknideilda og deildin reyni að tryggja örugga og hagkvæma hýsingu t.d. með alútboði. Vefteymi borgarinnar flytjist undir Rafræna þjónustumiðstöð. Teymið skilgreini þjónustustig og viðbragðsstig til að koma til móts við þarfir starfsstaða. Skoðað verði að einfalda lénastrúktúr borgarinnar þannig að undirstofnanir noti undirlén reykjavik.is fremur en sjálfstæð lén. Þó verði hugað að þörfum viðskiptavinahópa starfsstaðanna í hvert sinn. Reykjavik.is verði skilgreindur sem þjónustuvefur og umsjón hans flutt til Rafrænnar þjónustumiðstöðvar. Efnismeðhöndlun verði að mestu á höndum viðkomandi starfsstaða. Skilgreina þarf verkaskiptingu í upplýsinga- og vefmálum og tryggja gott samstarf þar á milli. Hagræðing nemi um einu stöðugildi eða um 8 mkr á ári.

**Óbeinn ávinnungur:** Betri innri og ytri þjónusta við viðskiptavini, bætt miðlun og samlegð.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Biðtími eftir afgreiðslu þjónustubeiðna hjá rafrænni þjónustumiðstöð. Fjöldi stöðugilda sem vinna við vefmál.

**Áhættumat:** Meðal áhætta þar sem um störf er að ræða. Sátt þarf á ná um breytingar.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

#### **Tillaga um markviss markaðs-, kynninga- og auglýsingamál**

Auglýsinga og kynningakostnaður nemur um 130 mkr. á ári fyrir borgina alla. Lagt er til að upplýsinga- og vefdeild verði falið að hafa frumkvæði að samstarfi og móton leiðbeininga um kynningar- og markaðsmál. Leiðbeiningarnar taki til gerðar auglýsinga- og kynningarefnis og

birtingu þess. Lögð verði áhersla á nýtingu samfélagsmiðla og bætta innkaupaferla varðandi hönnun og birtingu auglýsinga sem og í kynningamálum almennt. Áætluð hagræðing 20% af kostnaði ársins 2016 eða um 26 mkr.

**Óbeinn ávinningur:** Yfirsýn yfir málauflokkinn sem hefur verið dreifður yfir stjórnkerfi borgarinnar. Markvissari og stefnumiðaðri tónn í auglýsingar- og kynningarefnni borgarinnar.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Markaðs- og birtingarkostnaður.

**Áhættumat:** Lítill áhætta.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

**Greinargerð:**

Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshóp um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Á meðal annarra skipaði starfshópur um hagræðingaráherslur í innri þjónustu verkefnishóp um upplýsinga- og vefmál og eru ofangreindar tillögur byggðar á vinnu verkefnishópsins.



Dagur B. Eggertsson



Reykjavík, 15. desember 2016  
R15110199  
1210

Borgarráð

### ***Hagræðingaraðgerðir – Viðburðir, móttökur og fundaþjónusta til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara***

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögur um viðburði, móttökur og fundaþjónustu:

#### **Tillaga um lækkun móttaka í fjárhagsáætlun 2017**

Lagt er til að vísað verði til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að áætlun fyrir árið 2017 vegna móttaka, kostnaðarstaður 09202, verði lækkuð úr 20 mkr. í 16 mkr. eða sem nemur 4 mkr. Samhliða lækkaðri áherslu verða viðmið um veitingar í móttökum á vegum Reykjavíkurborgar endurskoðuð með það að markmiði að draga úr kostnaði.

#### **Óbeinn ávinnungur:**

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Árlegur kostnaður og meðalkostnaður vegna móttaka.

**Áhættumat:** Lítill áhætta er við tillöguna.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

#### **Tillaga um útleigu Tjarnarsalar og annars húsakosts Reykjavíkurborgar**

Lagt er til að vísað verði til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að gefa út nýjar reglur Tjarnarsalar sem fela það m.a. í sér að leiguverð salarins verði að jafnaði í samræmi við markaðsverð hverju sinni. Unnin verði áætlun um hvernig gera megi Tjarnarsalinn sýnilegri og kynna betur annan þann húsakost sem borgin hefur upp á að bjóða undir viðburði. Þá verði leitað leiða til að útbúa borgarstjórnarsalinn þannig að hann geti nýst undir viðburði og móttökur.

**Óbeinn ávinnungur:** Auknar leigutekju af Tjarnarsal og öðrum sölum á vegum Reykjavíkurborgar.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Útgáfa á nýjum reglum um Tjarnarsal. Útgáfa áætlunar um sýnileika Tjarnarsalar og kynningu á öðrum húsakosti borgarinnar. Hvort breytingar á innréttингum borgarráðssalar í kjölfar fjölgunar borgarfulltrúa taki tillit til þess að

hægt sé að nýta salinn með fjölbreyttum hætti.

**Áhættumat:** Lítill áhætta er við tillöguna.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.

### Tillaga um kaffíþjónustu í Ráðhúsi

Lagt er til að vísað verði til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að takmarka eins og hægt er kaffíþjónustu og gera þess í stað ráð fyrir sjálfsafgreiðslu á fundaveitingum með því að koma m.a. upp býtibúrum í fundarherbergjahluta Ráðhússins á 2. og 3. hæð. Gerðar verði breytingar á verkefnum starfsmanns sem sinnir nú kaffiumsjón í Maríubúð á þann hátt að hann geti tekið að sér að þjónusta jafnframt önnur fundarherbergi í Ráðhúsi.

**Óbeinn áviningur:** Minni sóun á kaffi og veitingum.

**Mælikvarðar til að meta árangurinn:** Kostnaður vegna kaffiveitinga og ánægja notenda.

**Áhættumat:** Lítill áhætta er við tillöguna.

**Jafnréttismat:** Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu tillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.


### Greinargerð:

Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og 5 ára áætlun 2016-2020 er sett fram aðgerðaáætlun A-hluta. Þar kemur fram að gripið verði til markvissra aðgerða til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og sjóðstreymi A-hluta þannig að A- hluti hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar.

Til að styðja við aðgerðaáætlunina var stýrihópur Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir skipaður þann 25. janúar 2016. Samhliða var skipaður hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu sviða.

Hagræðingarhópur um miðlæga þjónustu skipaði á meðal annarra starfshópurum um hagræðingaráherslur í innri þjónustu sem ætlað var að að útfæra verkefni og greiningar vegna innri þjónustu í stjórnerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Starfshópurinn skipaði verkefnahópa um einstök verkefni og greiningar, gerði áhættumat og forgangsraðaði tillögum sem komu frá verkefnahópum.

Á meðal annarra skipaði starfshópurum um hagræðingaráherslur í innri þjónustu verkefnishópum um viðburði, móttökur, gjafir og fundapjónustu og eru ofangreindar tillögur byggðar á vinnu verkefnishópsins.



Dagur B. Eggerthsson